

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
20. maí 2015	
Tilv.	_____

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. maí 2015
UST201503-237/B.S.
10.04.00

Efni: Aðalskipulag - deiliskipulag - Ísgöng – Borgarbyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Borgarbyggðar dags. 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, ísgöng í Langjökli, afþreyingar- og ferðamenskusvæði og hins vegar um deiliskipulag skála- og þjónustusvæði fyrir ferðamenn á Langjökli og Geitlandi.


Umhverfisstofnun telur að breyting á aðalskipulagi feli í raun í sér að starfsemi sem þegar er fyrir hendi við og á Langjökli er fest í sessi. Umhverfisstofnun telur jákvætt að í umræddu deiliskipulagi er lögð mikil áhersla á að framkvæmdir og mannvirkjagerð verði þannig að um afturkræfar framkvæmdir verði að ræða. Umhverfisstofnun telur þó að huga þurfi að hvort safntankur henti ef til vill betur en rotþró á þjónustusvæðinu inni í Geitlandi.

Umhverfisstofnun hefur þegar veitt leyfi fyrir framkvæmdum til eins árs vegna aðstöðusköpunar innan friðlandsins í Geitlandi. Í leyfi Umhverfisstofnunar segir m.a.: „Með fyrirhuguðum ferðum í ísgöngin er gert ráð fyrir mikilli fjölgun ferðamanna á svæðið, allt að sextíu þúsund manns á ári. Aukið álag á náttúru svæðisins fylgir fjölgun ferðamanna og hætta á akstri utan vega eykst. Á því ári sem bráðabirgðaleyfið á að gilda mun koma reynsla á fyrirkomulagið sem hægt er að taka mið af í framhaldi hvað varðar verndun og nýtingu svæðisins.“

Umhverfisstofnun telur æskilegt að á Geitlandssvæðinu fari fram greining á því hvort umfang starfsemi og mannvirkjagerð innan deiliskipulagssvæðisins verði í samræmi við getu svæðisins til að taka við auknu álagi. Mikilvægt er að ekki sé farið yfir þölmörk svæðisins hvað varðar t.d. ágang ferðamanna. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur